

Fundargerð

samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar

19. desember 2019

Árið 2019, 19. desember kl. 14:00 kom samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefnd – saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í húsakynnum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, Sölvhólsgötu 7, í Reykjavík.

Fundinn sátu: Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem stýrði fundi, Aldís Hafsteinsdóttir formaður sambandsins, Karl Björnsson framkvæmdastjóri sambandsins, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu boðaði forföll, en Guðni Geir Einarsson, sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sat fundinn í hans stað. Einnig sat fundinn Guðrún Ögmundsdóttir, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, auk Tinnu Dahl Christiansen, sérfræðings í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta var tekið fyrir:

Dagskrá:

1. Skipulag og starfshættir.

Farið var yfir skipulag funda, hvaða fulltrúar ættu að sitja fundina ásamt því að ræða birtingu fundargagna í Teams. Ákveðið var að einungis þeir fimm fulltrúar sem skipa Jónsmessunefnd sitji fundina, auk Hermanns Sæmundssonar, Guðrúnar Ögmundsdóttur og Tinnu Dahl Christiansen sem annast fundarritun og framkvæmdastjórn fyrir nefndina. Ef kalla þarf til sérfræðinga til að fjalla um tiltekin mál þá verði það í upphafi funda og eftir umfjöllunina yfirgefi þeir fundinn. Einnig var ákveðið að nota Teams-kerfið fyrir fundina en á meðan fulltrúar í nefndinni væru að þróa kunnáttu sína á því sviði yrðu fundargögn einnig send út í tölvupósti. Einnig var ákveðið að miða fundarlengd Jónsmessunefndarfunda að jafnaði við um eina klukkustund og hefja fundi kl. 15:00. Næsti fundur nefndarinnar sem haldinn verður miðvikudaginn 8. janúar 2020 verður þó lengri.

2. Starfsáætlun

Lögð var fram starfsáætlun Jónsmessunefndar frá desember 2019 – maí 2020 og hún samþykkt.

3. Fundargerðir undirnefnda

Lagðar voru fram til kynningar eftirfarandi fundargerðir:

- Grábókarnefndar nr. 11-20 frá 16. janúar 2019 – 25. nóvember 2019.
- Samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál frá 17. desember 2018 - 8. mars 2019.

4. Staða á framkvæmd þingsályktunartillögunnar

Farið var yfir stöðu þingsályktunartillögunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga, hún verður afgreidd á Alþingi í lok janúar. Vinna þarf að undirbúningi á framkvæmd hennar í góðu samstarfi ráðuneyta og sambandsins og mun Jónsmessunefnd koma að framkvæmdinni eins og við á. Gert er ráð fyrir að tillagan verði til reglulegrar umfjöllunar í nefndinni á næsta ári.

5. Endurskoðað erindisbréf Grábókarnefndar

Lagt var fram endurskoðað erindisbréf samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um skýra verka- og ábyrgðarskiptingu í opinberri þjónustu, svokallaðar Grábókarnefndar, og það samþykkt. Erindisbréfið verður undirritað á næsta fundi Jónsmessunefndar.

6. Tillaga um breytt fyrirkomulag talmeinaþjónustu við skólabörn

Lagt var fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 29. janúar 2019, varðandi breytt fyrirkomulag talmeinaþjónustu við skólabörn og minnisblað, dags. 15. október 2019, og fleiri gögn, er varða hugmyndir að breyttu fyrirkomulagi talmeinaþjónustu við skólabörn. Lagt er til að talmeinaþjónusta verði skilgreind sem hluti af skólaþjónustu í skilningi laga um leik- og grunnskóla. Um er að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára.

Nefndin samþykkti tillögu Grábókarnefndar að fela fulltrúum sambandsins og ráðuneytis sveitarstjórnarmála (þ.e. fulltrúum Jöfnunarsjóðs) að taka upp viðræður við heilbrigðisráðuneytið á grundvelli fyrirbyggjandi gagna um breytt fyrirkomulag talmeinaþjónustu, m.v. þriggja ára tilraunaverkefni.

7. Jöfnunarsjóður – uppgjör í kjölfar Hæstaréttardóms

Lagt var fram minnisblað fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 22. október 2019, varðandi dóm Hæstaréttar Íslands frá 14. maí 2019 í máli nr. 34/2018 ásamt umsögn sambandsins um frumvarp um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum, dags. 4. desember 2019.

Ákveðið var að tilnefna fulltrúa frá sambandinu og ráðuneytunum tveimur til viðræðna um málið.

8. Yfirfærsla þjóðvega til sveitarfélaga og niðurfelling vega af vegaskrá

Lagt var fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 5. desember 2019, varðandi yfirfærslu þjóðvega til sveitarfélaga og niðurfellingu vega af vegaskrá. Einnig var lagt fram minnisblað frá Vegagerðinni, dags. 12. desember 2019, um stöðu skilavega. Fram kom að búið er að samþykkja lagabreytingu þess efnis að frágangur mála vegna skilavega verði eigi síðar en við árslok 2020. Unnið er að gerð yfirlýsingar milli aðila sem fjalla á um það verklag sem viðhaft verður á árinu 2020 til að ljúka þessu máli.

9. Önnur mál.

Engin önnur mál að þessu sinni.

Fundi var slitið kl. 15:25.

-TDC-